



Fundargerð

64. fundur lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
20. janúar 2026, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Tanja Veselinovic, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson, íþrótta- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Anna Lydía Helgadóttir boðaði forföll og sat Tanja Veselinovic fundinn í hennar stað.

* * *

1. Staða félagsmiðstöðva í Reykjanesbæ og framtíðarsýn (2025120059)

Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðumaður Tómsundamiðstöðvar Reykjanesbæjar, mætti á fundinn og fór yfir framtíðarsýn og stöðu félagsmiðstöðva í Reykjanesbæ.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu.

2. Kynning um vatnsdrykkju (20260102779)

Anna Sigríður Jóhannesdóttir mætti á fundinn og kynnti mikilvægi vatnsdrykkju.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu. Ráðið felur Hafþóri Barða Birgissyni, íþrótta- og tómstundafulltrúa, að vinna áfram í málinu og kanna aðgengi að vatni í mannvirkjum Reykjanesbæjar. Einnig hvetur lýðheilsuráð menntaráð til þess að fá Önnu Sigríði til að taka kynninguna fyrir.

3. Lífshlaupið 2026 (2026010255)

Hafþór Barði Birgisson, íþrótta- og tómstundafulltrúi, sagði frá Lífshlaupinu sem hefst innan skamms og stendur yfir dagana 1.-28. febrúar. Allar nánari upplýsingar um Lífshlaupið má nálgast á lifshlaupid.is.

Lýðheilsuráð skorar á íbúa, stofnanir og fyrirtæki að taka þátt í þessu mikilvæga landsátaki sem miðar að því að auka hreyfingu.

4. Fundargerð Samtakahópsins 8. janúar 2026 (2025020056)

Fundargerð Samtakahópsins lögð fram.

5. Frístundastyrkur Reykjanesbæjar 2026 (2026010278)

Hafþór Barði Birgisson, íþrótta- og tómstundafulltrúi, sagði frá vinnu við að skipta út nafninu „hvatagreiðslur“ sem notað hefur verið yfir styrki fyrir eldri borgara, börn og ungmenni til að stunda íþrótta- og tómstundastarf í Reykjanesbæ. Nýja orðið er „Frístundastyrkur“ en það er

notað af flestum sveitarfélögum á Íslandi. Markaðssetning er hafin í samvinnu við Krístrúnu Björgvinsdóttur, markaðs- og kynningarfulltrúa Reykjanesbæjar.

6. Náum áttum - morgunverðarfundur (2026010320)

Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, sagði frá morgunverðarfundum Náum áttum hópsins, sem fer fram miðvikudaginn 21. janúar nk., þar sem fjallað verður um eitt af helstu áherslumálum lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, ungmenni og netið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:32